

## Staðsetning refabús upp með Hálsá í grennd við Dalvík

**Þórólfur H. Hafstað**

**Greinargerð PHH-81-01**

Staðsetning refabús upp með Hálsá í grennd við Dalvík.

Eins og forráðamönnum Dalvíkurbæjar er fullkunnugt hefur neysluvatnsöflun fyrir bæjarfélagið verið nokkrum vandkvæðum bundin á undanföörnum árum. Þó ásand þessara mála megi nú teljast í viðunalegu horfi, verður þörf fyrir aukið vatnsmagn þegar fram líður. Þess vegna er mikils vert að möguleikar á að afla þess verði ekki rýrðir.

Taldir eru sémilegir möguleikar á að afla megi vatns í námunda við Hálsá. Vatnsöflun þar mundi byggjast á brunnum eða safnlögnum sem grafin yrðu í misjafnlega vel leiðandi og víðfeðm malarlög í grennd við ána. Fengist vatnið þannig að nokkru leiti úr ánni, en þá síað gegnum mölina. Ljóst má því vera að þýðingarmikið er að sem allra minnst mengun geti átt sér stað á vatnasviði árinna.

Til að gera sér fulla grein fyrir þýðingu þessa svæðis yrði að gera nokkuð víðtækar athuganir á efnisgerð malarinnar meðfram ánni, grafa tilraunabrunna og dælaúr þeim. Álitlegustu svæðin hafa annars vegar þótt vera rétt neðan núverandi brúar en hins vegar neðan fiskhjállanna allt niður að Svarfaðardalsá. Ég geri ekki ráð fyrir að hjállarnir verði þeim hluta til verulegrar bölvunar svo fremi sem ekki verði um verulegt jarðrask að ræða samfara þeim. Þá þarf og að hafa gát á að andstyggileg efni á borð við olíu fari ekki niður í grennd við ána. Ef athuganir leiddu í ljós að vinna mætti vatn á hagkvæmann hátt í grennd við ána, yrði hins vegar að friða allt svæðið upp undir brú og leggja hjállana niður.

Komið hefur til tals að stofna til refabús upp með Hálsá að vestan og í því sambandi vaknar sú spurning hvort hugsanlegu vatnsbóls-  
svæði stafaði hætta af því. Hér er landslagi svo háttað að út frá mynni Hálsdals breiðir geysivíðfeðm framburðarkeila úr sér. Áin rennur á austurjaðri keilunnar en vesturjaðar liggur frá dalkjafti út og vestur litlu neðan við Hamar og allt niður undir Hrísa. Nærri þeim jaðri má greina forna farvegi þar sem áin hefur legið í áður en hún festi sig í sessi þar sem hún nú er. Hún hefur grafið sig nokkuð ofan í eigin keilu og allvíða ofan vegar rennur hún á

bergi. Grunnvatnsstraumar eru í megindráttum undan hallanum niður eftir henni, það er að segja samsíða ánni og jafnvel frá henni til norðvesturs.

Ekki er vitað um þykkt malarinnar í keilunni, en í stórum dráttum er við því að búast að hún þykkni í átt til sjávar og sé þykkust á Hrísamóunum. Mölin leiðir vatn með ágætum og ekki er annað vitað en að síunarfærni hennar sé sæmileg.

Þegar væntanlegu refabúí er endanlega valinn staður verður að gæta þess að afrennsli frá athafnasvæði hennar sé ekki beint til árinna. Lágmarksfjarlægð búsin verður því að ráðast verulega af aðstæðum á hverjum stað, þar sem svo getur vissulega til hagað hér og þar að farvegir eða lautir beini vatni til árinna. Sé öngvu slíku til að dreifa niður undan ráðgerðu athafnasvæði, er óhætt að byggja allnærri ánni. Þó þykir mér svona óséð vera óvarlegt að fara öllu nær henni en 100-200 m.

Til að tryggja sem allra minnst mengandi áhrif á nágrenni búsin gæti verið ráð að öllu vatni sem rynni af athafnasvæði þess yrði safnað í skurð eða lokræsi sem beindi því heldur til vesturs. Ef að líkum lætur er afrennslið ekki meira en svo að mölin í árkeilunni gleypi auðveldlega við því.

Sé snyrtilega um refabúíð og nágrenni þess gengið, verður ekki séð að hugsanlegu vatnsbólssvæði við neðanverða Hálsá geti stafað hættu af því. Hér er gert ráð fyrir því að ekki sé annarri mengun til að dreifa en lífrænni og þá í líkingu við þá sem tíðkast frá öðrum búskap í Svarfaðardal.

Þórólfur H. Hafstað

Til bæjarstjórans á Dalvík, Valdimars Bragasonar.  
Afrít sent Hirti E. Þórarinssyni á Tjörn.